

Líffræði 10. bekkur

Kennarar: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

10

Lýsing

Farið verður í grunnatriði mannlíkamans eins og húðina, stoð- og hreyfikerfið, taugakerfið og kynfæri. Fjallað er um helstu hlutverk líffærakerfanna, virkni og hvað getur hrjád okkur sem og vimefni og áhrif þess á líkamann.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, fyrirlestrar, hópverkefni, kannanir, verklegar æfingar, vettvangsferðir, fræðslumyndir, efniskönnun, heimildarvinna og umræður.

Námsmat

Námsmat er að miklu leyti á forni símats. Metin verður verkefnavinna og skýrslugerð, auk þess sem ástundun, viðleitni í tímum, verkefni, fyrirlestrar, ritgerð, skýrslur og kannanir verða metnar.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 10. bekk - Lífsskilyrði manna

- Útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannlíkamans, gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi.
- Útskýrt hvernig fóstur veður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra.
- Þekki megineinkenni vöðva í mannlíkamanum.
- Útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun.
- Þekki mismunandi lög húðarinnar og hlutverk hennar.
- Þekki megineinkenni beinagrindarinnar og liðamóta.

VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 10. bekk - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglíngastígsins.

VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 10. bekk - Vinnubrögð og færni

- Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.
- Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum.

NÁMSEFNI/GÖGN

 **Mannlíkaminn**
(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/mannslkaminn/>)

 **Heimir**
(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/heimirapa/>)